

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald í Bláskógabyggð, nr. 1129/2010.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar hljóði svo:

Við skráningu hunds skal greiða kr. 12.500 í skráningargjald og árlega eftir það. Innifalið í skráningar- og leyfisgjaldi er skráning, ábyrgðartrygging og hundahreinsun fyrir viðkomandi hund.

3. gr. gjaldskrárinnar hljóði svo:

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald að lágmarki kr. 12.500. Beri sveitarfélagið kostnað umfram það gjald vegna handsömunar skal sá umframkostnaður innheimtur hjá ábyrgðaraðila hundsins sérstaklega. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

2. gr.

Breyting þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 14. desember 2018 og af heilbrigðisnefnd Suðurlands 8. janúar 2019, er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt um hundahald í Bláskógabyggð nr. 849/2010 og öðlast gildi þegar við birtingu.

Bláskógabyggð, 14. janúar 2019.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.